
Samþykktir

Nafn félagsins, heimili og tilgangur

1. gr.

Félagið er hlutafélag og er nafn þess Suðurlandsvegur 1 – 3 hf.

2. gr.

Heimilisfang félagsins er að Suðurlandsvegi 1, 850 Hellu.

3. gr.

Tilgangur félagsins er eignarhald og rekstur á fasteignunum Suðurlandsvegi 1 - 3, á Hellu, ásamt lánastarfsemi.

Hlutfé félagsins

4. gr.

Hlutfé félagsins er 591.138.009 kr., fimm hundruð nítíu og ein milljón eitt hundruð þrjátíu og átta þúsund og níu krónur 00/100. Hlutféið skiptist í jafna hluti og er hver hlutur að fjárhæð ein króna að nafnverði eða margfeldi þeirrar fjárhæðar. Allir hlutir hafa jafnan rétt miðað við fjárhæð. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu í hlutfé.

5. gr.

Félagið má eiga sjálft allt að 10% af eigin hlutfé. Eignist félagið meira af hlutfénu skal það hafa selt hluti þannig að lögmæltu lágmarki sé náð innan 6 mánaða. Eigin hlutir félags njóta ekki atkvæðisréttar.

6. gr.

Hluthafafundi er heimilt með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutfjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum, að hækka hlutfé félagsins, hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta.


Hluthafafundur einn getur ákveðið breytingu hlutfjár í samræmi við gildandi hluthafasamkomulag.

Stjórninni er heimilt, samkvæmt samþykkt aðalfundar félagsins dags. 9. júní 2016, að gefa út hlutfé allt að nafnverði 142 milljónir króna. Stjórn skal heimilt að gefa hið nýja hlutfé út við eftirfarandi aðstæður. Annarsvegar á grundvelli „Samkomulags fjármögnunar framkvæmda á Suðurlandsvegi 1-3 til loka ársins 2018“, en undir samkomulagið var ritað hinn 4. apríl 2016. Hinsvegar má stjórn nýta heimildina komi til þess að samþykkt verði að einn hluthafa, Rangárþing ytra, muni skipta á kröfum sínum að fjárhæð 61 milljón króna, og hlutfé. Komi til þess að framangreindri skuld verði breytt í hlutfé er gert ráð fyrir að aðrir hluthafar auki hlutfé í félaginu til að eignarhlutföll haldist óbreytt. Heimild þessa má nýta í áföngum, meðal annars vegna framkvæmda á árunum 2015 – 2018. Heimilt skal að greiða fyrir hið nýja hlutfé með skuldajöfnun krafna.¹

¹ Á stjórnarfundum félagsins, þann 30. desember 2016, nýtti stjórn heimild 6. gr. samþykkt félagsins til hækkunar hlutfjár að fjárhæð kr. 100.746.687. Eftir stendur heimild til aukningar hlutfjár að fjárhæð kr. 41.253.313.

Á stjórnarfundum félagsins, þann 21. desember 2017, nýtti stjórn heimild 6. gr. samþykkt félagsins til hækkunar hlutfjár að fjárhæð kr. 30.566.187. Eftir stendur heimild til aukningar hlutfjár að fjárhæð kr. 10.687.126.

Á stjórnarfundum félagsins þann 27. nóvember 2018, nýtti stjórn heimild 6. gr. samþykkt félagsins til hækkunar hlutfjár að fjárhæð kr. 10.076.802. Eftir stendur heimild til aukningar hlutfjár að fjárhæð kr. 610.324.



7. gr.

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum. Heimilt er að hafa skrána í tryggju lausblaðaformi eða tölvuskrá hana. Hlutaskrá skal geymd á skrifstofu félagsins og eiga allir hluthafar og stjórnvöld aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

Í hlutaskrá skal greina:

1. Hluti í númeraröð.
2. Nöfn hluthafa, heimilisföng og kennitölu.
3. Skráningardag eigendaskipta.

Stjórn félagsins skal að kröfu hluthafa eða veðhafa gefa út staðfestingu um færslu í hlutaskránni.

Eigendaskipti að hlutum í félaginu

8. gr.

Óheimilt er að selja, veðsetja eða gefa hluti í félaginu án samþykkis stjórnar þess.

9. gr.

Stjórn félagsins hefur forkaupsrétt fyrir félagsins hönd að fölum hlutum. Að félaginu frágengnu skulu hluthafar hafa forkaupsrétt að hlutum í hlutfalli við hlutafjäreign sína. Verði ágreiningur um verð hluta skal það ákveðið með mati tveggja óvilhallra manna sem dómkvaddir skulu á heimilisvarnarþingi félagsins.

Forkaupsréttarhafi hefur tveggja mánaða frest til að beita forkaupsrétti sínum og telst fresturinn frá tilkynningu til stjórnar um tilboð. Þó mega eigi líða fleiri en þrjú mánuðir frá því að kaup voru ákveðin þar til kaupverð er greitt. Ef fyrir liggur tilboð frá þriðja aðila sem forkaupsréttarhafi gengur inn í skulu þó ákvæði þess tilboðs gilda um greiðsluskilmála.

Eigendaskipti vegna arfsals til erfingja við andlát hluthafa eða búskipta lúta ekki framangreindum forkaupsréttarreglum.

Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til annars.

Verði eigendaskipti að hlutum í félaginu, með lögsmætum hætti samkvæmt framansögðu, skal stjórnin, þegar hinn nýi hluthafi tilkynnir eigendaskiptin og sannar rétt sinn, færa nafn hans í hlutaskrána.

Hluthafafundir

10. gr.

Æðsta vald í málefnum félagsins, innan þeirra marka sem lög og samþykktir félagsins ákveða, er í höndum lögsmætra hluthafafunda.

11. gr.

Aðalfundur skal haldinn á heimili félags fyrir lok maí ár hvert.

Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda með tilkynningu í ábyrgðarbréfi eða á annan jafn sannanlegan hátt til hvers hluthafa sem skráður er í hlutaskrá félagsins. Boða skal til hluthafafundar mest fjórum vikum fyrir fund og skemmst viku fyrir fund. Fundarefnis skal getið í fundarboði. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn.

12. gr.

Hluthafafundur er lögsmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helmingi hlutafjár í félaginu að minnsta kosti. Verði fundur ólögsmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögsmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum, án tillits til þess hversu margir hluthafar mæta. Hluthafafundur kýs fundarstjóra og fundarritara.

Eitt atkvæði fylgir hverjum 1 krónu hlut. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn. Einfeldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á hluthafafundi nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum eða samþykktum þessum og gildandi hluthafasamkomulagi.

Samþykki allra hluthafa þarf þó til þess:

- að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar
- að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum,
- að breyta ákvæðum samþykktum um hlutdeild manna í félaginu eða jafnrétti þeirra á milli.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins má ekki taka til meðferðar á hluthafafundi hafi þess ekki verið getið í fundarboði, nema allir hluthafar félagsins samþykki það.

13. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skal skýra hluthöfum frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðenda eða skoðunarmanna félagsins til samþykktar.
3. Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðendur eða skoðunarmenn.
4. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
5. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnar- og endurskoðenda/skoðunarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

14. gr.

Fundargerðabók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

Fundarstjóri stýrir fundi og úrskurðar um ágreiningsatriði.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu hluthafa sem ráða a.m.k. einum tíunda hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafan gerð skriflega og fundarefni tilgreint og fundur boðaður innan fjórtán daga. Ef stjórnin skirrist við að boða fund, eða aðalfund ef því er að skipta, eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina ráðherra.

Stjórn félags og framkvæmdastjórn

15. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Enn fremur skal kjósa til sama tíma allt að fimm varamenn sé tillaga þess efnis löglega upp borin.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja aðila. Undirskrift meirihluta stjórnar skuldbindur félagið.

Í fjölskipaðri stjórn eru stjórnarfundir lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður þá afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Halda skal fundargerð um stjórnarfund.

Stjórn félagsins er óheimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum þess lán eða setja tryggingar fyrir þá. Sama regla gildir um maka þessara aðila eða þá sem skyldir eru þessum aðilum að feðgatali eða niðja ellegar standa þeim að öðru leyti nærri. Þetta bann nær þó ekki til venjulegra viðskiptalána.

16. gr.

Sé stjórnin fjölskipuð skiptir hún sjálf með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

17. gr.

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra og ákveður laun hans og starfskjör. Hún veitir og prókúruumboð fyrir félagið.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfslíðs. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum eða skoðunarmönnum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

Reikningar félags og endurskoðun

18. gr.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa einn löggiltan endurskoðanda eða skoðunarmann ásamt varamanni hans. Skulu þeir rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðanda eða skoðunarmann má hvorki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins né mega þeir vera fjárhagslega háðir viðkomandi félagi. Þá má endurskoðandi eða skoðunarmaður ekki vera maki þessara aðila, skyldur þeim eða tengdur að feðgatali eða niðja eða fyrsta lið til hliðar, kjörforeldri þeirra eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn. Skoðunarmenn skulu hafa þá reynslu í bókhaldi og viðskiptaháttum sem nauðsynleg er með hliðsjón af starfsemi og stærð félagsins til rækslu starfans.

19. gr.

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðendum eða skoðunarmenn eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

Ársreikningur, undirritaður af félagsstjórn og framkvæmdastjóra, með áritun endurskoðanda eða skoðunarmanns, skal lagður fram á skrifstofu félags í síðasta lagi viku fyrir aðalfund, skráðum hluthöfum til sýnis. Mánuði eftir samþykkt ársreiknings, þó eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs, skal senda félagaskrá ársreikning eða samstæðureikning, ef svo ber undir, ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðanda eða skoðunarmanns og upplýsingar um hvenær ársreikningur var samþykktur.

Breytingar á samþykktum félagsins

20. gr.

Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða minnst yfir a.m.k. 2/3 hlutum af því hlutafé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða lögum. Samþykkt hluthafafundar um breytingu á samþykktum hlutafélags skal án dráttar tilkynnt hlutafélagaskrá, nema annað tímamark sé sérstaklega fram tekið í samþykktum þessum eða lögum, og tekur breytingin ekki gildi fyrr en hún hefur verið skráð.

21. gr.

Ákvörðun um félagsslit án gjaldprotaskipta skal tekin á hluthafafundi. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um félagsslit sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit félagsins, skal óska löggildingar hlutafélagaskrár á kosningu skilanefundar.



Lokaákvæði

22. gr.

Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um hlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt hverju sinni.

Þannig samþykkt á hluthafafundi félagsins þann 27. september 2010.

Breytt á hluthafafundi félagsins þann 26. maí 2011.

Breytt á aðalfundi félagsins þann 28. september 2015.

Breytt á aðalfundi félagsins þann 9. júní 2016

Breytt á stjórnarfundum félagsins þann 30. desember 2016.

Breytt á stjórnarfundum félagsins þann 21. desember 2017.

Breytt á stjórnarfundum félagsins þann 27. nóvember 2018.

Stjórn félagsins :



Björk Grétarsdóttir
Stjórnarformaður



Ágúst Sigurðsson
Meðstjórnandi



Þröstur Sigurðsson
Meðstjórnandi



Gunnar Aron Ólason
Meðstjórnandi

